...ÉG SÉ KJARVAL SEM ÁSKORUN

„Ætli það séu ekki svona hundrað Kjarvalar uppi núna . . . ungt fólk sem má ekki vera að því að mála fyrir striti en er ekkert síðra en þessi karl. Mér finnst nýja málverkið ekki ósvipað mörgu hjá Kjarval. Ef menn vilja leggja sig eftir því þá er auðvelt að læra á Kjarval, mála eins og hann. Og vitanlega er maður ekki ósnortinn af honum — ég er þakklátur fyrir hann . . .

Svona málarar eins og hann eru vel til þess fallnir að útrýma minnimáttarkennd. Og mér finnst að það ætti að nota hann til að útrýma okkar eilífa viðskiptahalla gagnvart útlöndum.

Kjarval er tákn bæði veikleika okkar og styrks. Líf hans segir okkur sitthvað um eigin veikleika. Verk hans vitna um styrk okkar, kenna okkur að rækta okkar eigin arf, ganga út frá sjálfum okkur í lífinu og engu öðru. Ef við gerum það þá lagast kannski viðskiptahallinn . . .

Kjarval sýndi okkur fram á fegurð okkar lands og að við eigum ekki að vera eins og bergmál annarra þjóða . . .


Fólk er farið að halda að lífið hér sé eins og í ameríska kvikmynd með happy end. En það er enginn dagur eins og amerísk kvikmynd, hefur aldrei verið og verður ekki . . .

Nú lofa allir Kjarval og prísa. Það er auðvitað sérstaklega gott — ef maður á eitthvað af verkum hans sjálfur . . .

Ég sé Kjarval sem áskorun hér í miðri óáran hraðans og óbilgirninnar. Hér eru menn vegnir og metnir á gullvog . . . ungt fólk getur ekki annað en særst ef það tekur þátt í þeim leik . . .

En Kjarval var náttúrubarn. Hann var eins og indíáni. Ég veit ekki hvort hann hefur haft marga guði. Hann varð rísandi íslenskt tákn. Eins og Jónas. En við gætum bara, ef við vildum, átt langtum fleiri . . . "

-GG.



Magnús Kjartansson listmálari.



JÓHA KJAR – ALDARM

Helgarblaðið fékk tvo málara til að ganga sýning í tilefni aldarminningar meistaran hvaða þýðingu eða áhrif Kjarval

Texti: Gunnar Gunnarsson